


Helstu breytingar á mannvirkjalögum

Fræðslufundur um mannvirkjalög nr. 160/2010



Áritun eða undirritun

1. gr. breytingarlaga- breyting á 3. gr. mannvirkjalaga

- *Áritun eða undirritun:* Staðfesting skjals, þ.m.t. rafræn, sbr. lög um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.
- **Markmið:** Áréttað að rafrænar undirritanir, áritanir og staðfestingar vegna byggingarleyfis í byggingagátt Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) eða á öðrum vettvangi eru jafngildar áritun með eigin hendi
- Í athugasemdum við 1. gr. kemur fram að stefnt sé að því að gagnaskil, staðfestingar og samþykki fari að öllu leyti fram rafrænt.
- **Innleiðing:** Byrjunarerfiðleikar í framkvæmd - Samræma þarf verklag þvert á embætti

Minni háttar mannvirkjagerðir og smávægilegar breytingar

2. gr. breytingarlaga- 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. mannvirkjalaga

- *Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um að minni háttar mannvirkjagerð eða smávægilegar breytingar á mannvirkjum, sbr. flokkun mannvirkja skv. 1. mgr. 17. gr., skuli undanþiggja byggingarleyfi, að slíkar framkvæmdir séu einungis tilkynningarskyldar eða að gera skuli vægari kröfur um fylgigögn eða umsóknarferli.*
- **Markmið:** Með því að gera mismiklar kröfur eftir umfangi og tegund framkvæmda má einfalda ferli byggingarleyfisumsókna og umfang stjórnsýslu í minni og einfaldari verkum.
- **Innleiðing:** Er verið að útfæra í byggingarreglugerð – Í vinnslu

Skilyrði fyrir útgáfu byggingaleyfis

3. gr. breytingarlaga – breyting á 13. gr. mannvirkjalaga

- Leyfisveitandi þarf ekki lengur að árita uppdrætti til samþykkis heldur er nægilegt að uppdrættir séu staðfestir af leyfisveitendum.
- Séruppdrættir og tilheyrandi greinargerðir þurfa ekki að liggja fyrir við útgáfu byggingarleyfis heldur er nægilegt að leyfisveitandi hafi yfirfarið og staðfest slík gögn áður en vinna við viðkomandi verkþátt hefst.
- **Markmið:** einfalda rafrænt ferli byggingarleyfisumsókna þannig að nægilegt sé fyrir leyfisveitendur að staðfesta uppdrætti rafrænt í stað þess að nota rafræna undirskrift.

Flokkun mannvirkja og úttektir á gæðastjórnunarkerfum

4. gr. breytingarlaga- veigamiklar breytingar á 1. málsl. 1. mgr. 17. gr. mannvirkjalaga

- Mannvirki skulu flokkuð eftir stærð þeirra, hversu vandasöm hönnun þeirra er, fyrirhugaðri notkun og samfélagslegu mikilvægi. Framkvæmd eftirlits með framkvæmdum skal taka mið af þeirri flokkun.
- **Markmið:** Eftirlit byggt á flokkun mannvirkja stuðlar að lægri kostnaði og aukinni skilvirkni við mannvirkjagerð. Með slíkri flokkun megi auka eftirlit með flóknari mannvirkjum en að sama skapi minnka eftirlit með einfaldari mannvirkjum og þeim mannvirkjum sem ætluð eru til eigin nota.
- **Innleiðing:** Búið að skipa starfshóp um útfærslu flokkunarinnar

Flokkun mannvirkja og úttektir á gæðastjórnunarkerfum

4. gr. breytingarlaga - veigamiklar breytingar á 5. mgr. 17. gr. mannvirkjalaga

- Breyting á eftirliti. HMS framkvæmi ekki lengur úttekt á gæðastjórnunarkerfi. Eftirlitsskyldir aðilar skulu sjálfir afla úttektarvottorða frá faggiltum skoðunar- eða vottunarstofum.
- **Markmið:** Ferli skýrt og skýrt að eftirlitsskyldir aðilar beri sjálfir kostnaðinn af slíkri úttekt.
- **Innleiðing:** HMS byrjað að kalla eftir úttektarvottorðum. SI hafa talað fyrir að virkniskoðanir og reglubundnar úttektir á gæðakerfum fari fram samhliða.

Gæðastjórnunarkerfi leyfisveitanda

5. gr. breytingarlaga – 19. gr. mannvirkjalaga

- Krafa um faggildingu byggingarfulltrúa og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar felld úr gildi. Leyfisveitendum er hins vegar skylt að hafa í gildi virkt gæðastjórnunarkerfi.
 - Leyfisveitandi: byggingarfulltrúi og HMS
- Samræming á gæðastjórnunarkerfum byggingarfulltrúa
- Heimild til byggingarfulltrúaembætta til að útvista eftirliti við yfirferð séruppdráttar til skoðunarmanns.
- **Markmið:** stuðla að samræmingu byggingareftirlits og samræmdri notkun skoðunarhandbóka

Rafræn undirskrift uppdráttar heimil

6. gr. breytingarlaga

- 2. málsl. 2. mgr. 23. gr. mannvirkjalaga breytt
 - Breyting á orðalagi til samræmis við 1. gr. breytingarlaga
- Áréttað að rafræn undirritun er heimil.
- **Markmið:** Að rafrænar undirskriftir verði að meginreglu.
- **Innleiðing:** Ekki hafið - Byggingarfulltrúar að bíða eftir leiðbeiningum frá HMS
- 3. málsl. 5. mgr. 23. gr. mannvirkjalaga felld úr gildi.
 - Hönnunarstjóri þarf ekki lengur að árita alla séruppdrætti.
- **Markmið:** Hver einstakur hönnuður ber ábyrgð á þeim hönnunargögnum sem þeir leggja fram.

Uppdrættir aðgengilegir eftirlitsmönnum

7. gr. breytingarlaga – 2. mgr. 37. gr. mannvirkjalaga

- *Uppdrættir sem leyfisveitandi hefur samþykkt skulu ásamt útgefnu byggingarleyfi ætíð vera aðgengilegir eftirlitsmönnum*
- Uppdrættir þurfi ekki lengur að vera aðgengilegir á pappírsformi heldur nægir rafrænt form.
- Leyfisveitendur skulu nú staðfesta uppdrætti í stað þess að árita þá.
- **Markmið:** Liður í því að einfalda rafræna ferlið

Gjaldskrá vegna byggingaeftirlits byggingarfulltrúa

8. gr. breytingarlaga – 51. gr. mannvirkjalaga

- Nú er heimilt að byggja gjaldskrá vegna eftirlits byggingarfulltrúa á meðaltalskostnaði einstakra eftirlitspátta.
- Tímagjald vegna umframvinnu, þá þarf að gera áætlun í samráði við aðila.
- Tengja gjald við launavísitölu
- **Markmið:** Stuðla að samræmdri gjaldtöku sveitarfélaga.

Gjaldskrá HMS

9. gr. Breytingarlaga – 52. gr. mannvirkjalaga

- Breytt til samræmis við ákvæði laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun þar sem fram kemur að stjórn stofnunarinnar setji gjaldskrá, í stað ráðherra.
- Gjöldin skulu ekki vera hærri en nemur þeim kostnaði sem hlýst af því að veita þjónustuna.
- **Markmið:** samræma orðalag um gjaldtökuheimildir HMS

Ekki lengur gerð krafa um faggildingu leyfisveitanda

10. gr. breytingalaga – 3. tölul. 1. mgr. 60. gr. mannvirkjalaga

- Ekki er lengur gerð krafa um faggildingu leyfisveitenda og þ.a.l. er gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa ekki lengur hluti af faggiltri starfsemi þeirra.
- Heimild til ráðherra til að kveða á um kröfur um gæðastjórnunarkerfi leyfisveitenda í reglugerð.

Takk fyrir

